

L Ö G

um

39
27. júní

heimild fyrir bæjar- og sveitarstjórnir til að skylda unglinga til sundnáms.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Ganta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í kaupstöðum eða sveitarfjelögum, þar sem sund er kent á kostnað hins opinbera, skal bæjar- og sveitarstjórnnum heimilt með reglugerð, er stjórnarráðið staðfestir, að gera öllum heimilisföstum unglingum frá 12—16 ára að aldri innan síns umdæmis skylt að stunda sundnám alt að 4 mánuðum samtals. Þó skal jafnan undanþiggja þá unglinga sundnámsskyldu, sem að dómi sundkennara eru sæmilega syndir, ef þess er óskað.

2. gr.

Undanþegnir sundnámsskyldu skulu þeir, sem sanna með læknisvottorði, að þeir megi ekki stunda sundnám sökum heilsubrests.

3. gr.

Í reglugerð má ákveða sektir fyrir brot gegn henni.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Marselisborg, 27. júní 1925.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jón Magnússon,